

Fimmtudaginn 14. desember 1995.

Nr. 342/1995.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Birgi Sigurjónssyni**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fiskveiðibrot. Upptaka. Stjórnarskrá.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1995. Krefst hann sakfellingar samkvæmt ákæru og refsingar á hendur ákærða, en staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds í málinu.

Fyrri málsliður 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 7. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, hljóðar þannig:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma, þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi.“

Það er ágreiningslaust, eins og í héraðsdómi greinir, að ákærði gerðist ekki sekur um háttsemi þá, sem ákært er fyrir í málinu og lýst er í dóminum. Verður honum því samkvæmt greindu stjórnarskrárákvæði ekki refsað fyrir hana. Ber með skírskotun til þessa að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu ákærða af refsikröfu ákærvalds.

Samkvæmt matsgerðum dómkvaddra manna nam verðmæti afla Bjarts, NK 101, 2.701.914 krónum og verðmæti veiðarfæra 865.455 krónum. Með vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um upptöku afla og veiðarfæra til Landhelgisjódís Íslands.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Austurlands 20. september 1995.**

Ár 1995, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í húsnæði dómsins að Miðstræti 18, Neskaupstað, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-225/1995: Ákærvaldið gegn Birgi Sigurjónssyni.

## I.

Mál þetta er höfðað með svofelldri ákæru ríkissaksóknara: „ . . . á hendur Birgi Sigurjónssyni, Starmýri 15, Neskaupstað, fæddum 10. júní 1946 í Reykjavík, skipstjóra á skuttogaranum Bjarti, NK-121, skipaskrárnúmer 1278, fyrir fiskveiðibrot, með því að skipið, sem er 460,58 brúttórúmllestir og 46,02 lengdarmetrar, mældist frá kl. 9.53 til kl. 10.22 fimmtudagsmorguninn 9. febrúar 1995 við togveiðar innan norðurmarka svæðis í utanverðu Lónsdýpi á svæði í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem veiðar með fiskbotn-(svo) og flotvörpu eru bannaðar öllum skipum frá kl. 8.00 að morgni til kl. 20.00 að kvöldi. Togvarpa var innbyrt um kl. 10.50. Stýrimaður var við stjórn skips og veiða á fyrrgreindu tímabili.

Brot ákærða telst varða við 6. tl. 1. gr. og 3. gr. reglugerðar um friðunarsvæði við Ísland nr. 508/1994, sbr. 1. og 3. gr. reglugerðar nr. 529/1994 um breyting á þeirri reglugerð, sbr. 3., 5. og 7., sbr. 2. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 17. gr. og 21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975 og lög nr. 44/1948.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs“.

Ákærvaldið krafðist þess við flutning málsins, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að ákærði verði sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins og að hafnað verði kröfu um upptöku afla og veiðarfæra. Málsvörn ákærða byggist aðallega á því, að þegar litið sé til réttarþróunar og lögfestingar Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994,

beri að sýkna ákærða af öllum kröfum ákærvaldsins. Þá stangist krafa um upptöku á við 67. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Tekið skal fram, að mál þetta var þingfest af fulltrúa héraðsdómara sama dag og ákæra var gefin út. Fulltrúinn og tveir meðdómendur kváðu upp dóm í málinu 16. mars 1995, þar sem ákærði var sýknaður af refsikröfu, en fallist var á kröfu um upptöku afla og veidarfæra. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, sem felldi hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Austurlands vegna stöðu dómarafulltrúa. Var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar. Málið var tekið fyrir að nýju í samræmi við dóm Hæstaréttar 1. september sl., en tekið til dóms daginn eftir að loknum munnlegum málflutningi.

## II.

Ekki er deilt um málavexti. Um klukkan tíu fimmtudagsmorguninn 9. febrúar 1995 var togarinn Bjartur, NK-121, við togveidar í utanverðu Lónsdýpi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Á þessu svæði eru bannaðar veidar með botnvörpu og flotvörpu frá klukkan átta að morgni til klukkan átta að kvöldi. Varðskipið Ægir færði togarann til hafnar í Neskaupstað, þar sem fram fór lögreglurannsókn. Togarinn er í eigu Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað.

Fyrsti stýrimaður var við stjórn skipsins, meðan á veiðum stóð, en ákærði var sofandi í káetu. Áður en ákærði fór að sofa, bað hann stýrimann að halda austur á bóginn og vera í Berufjarðarál um morguninn. Var það ákvörðun stýrimanns að hefja veidar á þessum slóðum.

## III.

### *Niðurstöður.*

Upplýst er í málinu, að togarinn Bjartur, NK-121, var að ólöglegum veiðum innan íslenskrar landhelgi, eins og lýst er í ákæru. Í máli þessu eru ekki færð að því rök, að ákærði hafi nefnt sinn vanrækt skyldur sínar sem skipstjóri, og lagt er til grundvallar ákæru, að ákærði hafi enga sök borið á veiðunum. Kemur því til skoðunar, hvort dæma eigi ákærða til refsingar á grundvelli hlutlægrar refsíabyrgðar.

Í íslenskum sérrefsilögum má enn finna reglur, sem mæla fyrir um hlutlæga refsíabyrgð einstaklinga. Þá hefur það komið fyrir, að skipstjórar væru dæmdir til greiðslu fésekta vegna brota á sams konar lagaákvæðum og vitnað er til í þessu máli, þrátt fyrir það að ekki hafi sannast sök þeirra. Þessir dómar gengu fyrir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu sl. vor, en líta ber til ákvæða 2. töluliðar 6. gr. og 1. töluliðar 7. gr. sáttmálans, þegar komist er að niðurstöðu í þessu máli.

Refsiheimildir verða að vera lögbundnar og skýrar. Það er meginregla

við lögskýringu í íslenskum rétti, að virða beri ákærða í hag vafa um, hvort refsíákvæði taki til háttsemi (in dubio mitius). Þótt lesa megi út úr lögum nr. 81/1976 um veiðar innan íslenskrar landhelgi, að ekki verði aðrir skipverjar en skipstjóri saksóttir fyrir fiskveiðibrot, segir hvergi berum orðum í lögnum, að skipstjóri skuli bera hlutlæga refsíábyrgð. Samkvæmt framan-sögðu verður að telja, að refsíábyrgð skv. lögum nr. 81/1976 verði einungis byggð á sök, og skal ákærði þegar af þeirri ástæðu vera sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 segir, að brot gegn ákvæðum 3. gr. skuli varða upptöku afla og veiðarfæra, en um mál, sem rísa út af brotum þessum, skal fara að hætti opinberra mála, sbr. 22. gr. laganna. Í 3. mgr. 17. gr. segir, að einnig megi beita upptöku, þótt ekki sé höfðað refsímál út af broti og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Þá megi beina máli til upptöku gegn eigendum skips, umboðsmönnum eða umráðamönnum þess. Verður því að telja, að beina megi kröfu um upptöku að ákærða í þessu máli sem skipstjóra þess skips, sem var að veiðum, þannig, að brotið var gegn ákvæðum 3. gr. laga nr. 81/1976. Því er fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra Bjarts, NK-121, þar með talinna dragstrengja. Andvirði hins upptæka skal renna í Landhelgissjóð Íslands skv. 21. gr. laga nr. 81/1976, en veiðarfæri og afli voru metin til fjár við lögreglurannsókn málsins.

Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., sem ákveðast hæfileg 60.000 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins annaðist sókn málsins Bjarni Stefánsson, sýslumaður í Neskaupstað.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Sigurjónsson, er sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Afli og veiðarfæri togarans Bjarts, NK-121, þar með taldir dragstrengir, eru gerð upptæk, og skal andvirði renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.